



Foreldrahandbók



Leikskólinn Ylur

Leikskólinn Ylur, Þingeyjarsveit

Sími: 464-4 149

Netfang: leikskolinnylur@gmail.com

Efnisyfirlit

Starfsfólk	2
Að byrja í leikskóla	3
Aðlögun	3
Lög um leikskóla.....	3
Vernd barna og ungmenna	4
Leikskólastarfið	5
Starfið	5
Markmið leikskólans eru:	5
Barnafundir	5
Val/stöðvar	6
Hópastarf	6
Samverustund	6
Frjáls leikur.....	6
Samstarf skólanna.....	7
Útikennsla.....	7
Útivera.....	7
Hreyfing og næring.....	7
Hefðir Yls	8
Foreldrasamstarf.....	9
Foreldraviðtöl.....	9
Fréttir til foreldra	9
Hagnýtar upplýsingar.....	9
Veikindi	9
Klæðnaður.....	10
Óhöpp og slys/tryggingar	10
Breytingar/fjarvistir	10
Skipulagsdagar	11
Skráningardagar.....	11
Lokaorð	11

Starfsfólk

Skólastjóri: Huld Aðalbjarnardóttir huld@reykjahlidarskoli.is

Aðstoðarskólastjóri: Karen Ósk Kristjánsdóttir karenosk@reykjahlidarskoli.is

Auður Filippusdóttir, leiðbeinandi/Askja

Bianca Maria Paregger, leiðbeinandi/Krafla

Carmen G. Ramos Bjornsson, leikskólakennari og deildarstjóri á Kroflu/Krafla

Júlía Brá Stefánsdóttir, leiðbeinandi/Krafla

Mavis Owusu Afriyie, leikskólakennari/Askja

Ragnheiður Jóna Leví Grétarsdóttir, leiðbeinandi/Krafla

Sandra Haraldsdóttir, leikskólakennari og deildarstjóri á Öskju/Askja

Sigríður Anna Jónsdóttir, leiðbeinandi/Krafla&Askja

Zorka Maisarová, leikskólakennari/Askja

Stuðningsfólk

Amelía Ásdís Kozaczek

Maríon Edda Stefánsdóttir

Rut Guðmundsdóttir

Að byrja í leikskóla

Kæru foreldrar og forráðamenn.

Um leið og við bjóðum barnið/bornin og ykkur velkomin í leikskólann, viljum við gefa ykkur upplýsingar um ýmis atriði sem tengd eru starfsemi leikskólans og nauðsynlegt er fyrir foreldra að vita. Leikskólinn er rekinn af Þingeyjarsveit. Leik- og grunnskólinn er samrekinn og með stjórn leikskólans fer skólastjóri með bakstuðningi skólanefndar og sveitarstjórnar.

Leikskólinn Ylur var opnaður 2. nóvember 1976. Hann er opinn frá kl. 07.45 til 16.15 frá mánudegi til föstudags. Deildir eru tvær. Krafla fyrir 3-6 ára born og Askja fyrir 1-2 ára born. Gjald fyrir leikskóladvol barns er í samræmi við gildandi gjaldskrá Þingeyjarsveit hverju sinni. Leikskólagjöld skulu greidd innan eins mánaðar frá dagsetningu reiknings.

Aðlögun

Litið er á aðlögun barnanna sem mjög mikilvægan þátt í upphafi leikskólagöngu þeirra. Á þeim tíma kynnast bornin og foreldrar þeirra starfsfólki, bornum, húsakynnum og umhverfi leikskólans. Þá myndast einnig mikilvæg tengsl á milli foreldra og starfsfólks og leggja þau grunninn að góðu samstarfi heimilis og leikskólans varðandi uppeldi barnanna.

Reynslan hefur sýnt að það hefur jákvæð áhrif á líðan barna þegar aðlögun er gefinn góður tími í upphafi leikskólagöngu þeirra. Hér í leikskólanum Yl tekur aðlögun fjóra daga og lengri tíma ef þörf krefur. Aðlögun er hofð stuttan tíma fyrsta daginn en er síðan lengd dag frá degi. Það er gert til að koma í veg fyrir þreytu og þetta verði ekki of mikið fyrst um sinn fyrir barnið. Þessir dagar eru mjög mikilvægir fyrir barnið til að stuðla að vellíðan þess á leikskólanum í framtíðinni og teljum við að barnið oðlist fljótt oryggi í leikskólanum.

Lög um leikskóla

Leikskólinn Ylur starfar eftir lögum um leikskóla.

I. gr. Gildissvið.

Lög þessi taka til starfsemi leikskóla. Leikskólinn er fyrsta skólastigið í skólakerfinu og er fyrir born undir skólaskyldualdri. Leikskóli annast að ósk foreldra uppeldi, umönnun og

menntun barna á leikskólaaldri í samræmi við lög þessi. Foreldrar samkvæmt lögum þessum teljast þeir sem fara með forsjá barns í skilningi barnalaga.

2. gr. Markmið.

Í leikskólum skal velferð og hagur barna hafður að leiðarljósi í öllu starfi. Veita skal börnum umönnun og menntun, búa þeim hollt og hvetjandi uppeldisumhverfi og orugg náms- og leikskilyrði.

Stuðla skal að því að nám fari fram í leik og skapandi starfi þar sem born njóta fjölbreyttra uppeldiskosta. Starfshættir leikskóla skulu mótast af umburðarlyndi og kærleika, jafnrétti, lýðræðislegu samstarfi, ábyrgð, umhyggju, sáttfýsi, virðingu fyrir manngildi og kristinni arfleifð íslenskrar menningar.

Meginmarkmið uppeldis og kennslu í leikskóla skulu vera:

- ♥ fylgjast með og efla alhliða þroska barna í náinni samvinnu við foreldra,
- ♥ veita skipulega málörvun og stuðla að eðlilegri færni í íslensku,
- ♥ hlúa að börnum andlega, vitsmunalega og líkamlega í samræmi við þarfir hvers og eins svo að bornin fái notið bernsku sinnar,
- ♥ stuðla að víðsýni barna og efla siðferðisvitund þeirra,
- ♥ leggja grundvoll að því að born verði sjálfstæðir, virkir og ábyrgir þátttakendur í lýðræðisþjóðfélagi sem er í orri og sífældri þróun,
- ♥ rækta hæfileika barna til tjáningar og skopunar í þeim tilgangi m.a. að styrkja sjálfsmynd þeirra, heilbrigðisvitund, oryggi og hæfni til mannlegra samskipta

Hægt er að kynna sér lög nánar inni á www.althingi.is

Vernd barna og ungmenna

Leikskólinn starfar samkvæmt lögum um vernd barna og ungmenna frá 1992 13 gr.

“Tilkynningarskylda þeirra sem afskipti hafa af börnum og ungmönnum. Hverjum, sem stoðu sinnar vegna hefur afskipti af málefnum barna og ungmenna og verður í starfi sínu var við óviðunandi misfellur á uppeldi og aðbúnaði barna eða ungmenna, er skylt að gera barnaverndarnefnd viðvart. Tilkynningarskylda gengur að þessu leyti framar ákvæðum laga um þagnarskyldu.”

Leikskólastarfið

Starfið

Starfið skiptist upp í barnafundi, val/stoðvar, hópastarf, samveru, frjálsan leik, íþróttir, útikenngslu, listakenngslu og útiveru. Á þessum tíma er unnið eftir námsvísi skólans og þar er unnið með ákveðnu þema hverju sinni. Þema er það viðfangsefni sem hvað mest áhersla er lögð á í starfinu og fléttast inn í alla starfsemi leikskólans. Námsvísi má nálgast á heimasíðu leikskólans og einnig er hann sendur til foreldra með tolvupósti. Tilgangur þemavinnu er að bornin kynnist ákveðnu viðfangsefni, oðlist þekkingu á því og geti svarað forvitni sinni á sínum forsendum en það styrkir sjálfsmýnd þeirra.

Markmið leikskólans eru:

- ♥ að born, foreldrar og starfsfólk séu ánægð og líði vel í leikskólanum.
- ♥ að styrkja bornin til frumkvæðis og sjálfshjálpar svo að þau oðlist skýra og jákvæða sjálfsmýnd.
- ♥ að efla siðferðisvitund barna í þeim tilgangi að þau verði bæði góð og fróð.
- ♥ að born og starfsfólk rækti með sér hjálpssemi og sýni hvert öðru kærleik, tillitssemi og virðingu.
- ♥ að bjóða upp á fjölbreytt skapandi nám sem efli alhliða þroska barnsins
- ♥ að gott samstarf, traust og gagnkvæm virðing skapist á milli heimilis og skóla.

Barnafundir

Á barnafundum fara eldri nemendur í hring með kennurum sínum, á fundunum læra þau og efla tilfinningalega og félagslega færni, lausnaleit, gagnrýna hugsun, samkennd og að leggja fram hugmyndir. Yngri bornin fara í hring en umgjörð og dagskrá er einfölduð, þau læra að hrósa og hvetja, að leggja fram hugmyndir og hefja það nám að efla og styrkja tilfinningalega og félagslega færni sína sem barnafundir bjóða upp á. Tilgangur barnafunda er að nemendur

- ♥ upplifa að þau tilheyri hópnum sínum/deildinni sinni
- ♥ finni leiðir til að leggja sitt af mörkunum til annarra
- ♥ beiti gagnrýninni hugsun og leita lausna
- ♥ hjálpi öðrum
- ♥ tjái sig skýrt og af virðingu

- ♥ hlusti á aðra
- ♥ nýti krafta sína á uppbyggilegan hátt
- ♥ læri að bíða þolinmóð
- ♥ virði tilfinningar og skoðanir annarra

Val/stöðvar

Segja má að val sé umgjörð um frjálsa leikinn þar sem bornin velja sér leiksvæði sem bjóða upp á ólíka möguleika. Markmiðið með vali er að: Nemendur velji það sem þau vilja helst gera, þau venjist því að standa við val sitt, leiki í fámennum hópum, kynnist meðhöndlun ýmissa áhaldna og eiginleikum mismunandi efniviðar. Við reynum að hafa frjálst val á elstu deildinni en oft er boðið upp á þrjár stöðvar sem nemendur geta valið úr. Á barnafundum fá nemendur að koma með uppástungur um hvað þau vilja hafa í vali. Somuleiðis fer leikskólinn allur í val á föstudögum þar sem þau geta flakkað milli deilda.

Hópastarf

Með hópastarfi er markmiðið að stuðla að samheldni og ábyrgðarkennd barnanna gagnvart hvort öðru. Að bornin myndi tengsl við jafningja sína og læri að vinna saman í hóp og að bornin læri smátt og smátt að vinna út frá ákveðnum fyrirmælum. Eins auðveldar hópastarf kennurum og starfsfólki að fylgjast náið með hópnum og þroska hvers barns. Bornin fara í hópastarf fjórum sinnum í viku. Verkefni eru fjölbreytt og lögð fyrir út frá áætlun kennara í tengslum við námsvísi.

Samverustund

Í samverustundum gefst bornum og kennara tækifæri til að vera saman, lesa, syngja, dansa og spjalla. Þar eiga allir notalega stund í ró og næði og kostur gefst á að ræða saman um það sem áhuga vekur hverju sinni svo sem daglegt líf barnanna. Inn í samverustundir fléttast einnig skipulagt starf þar sem góður tími gefst til að ræða ýmis málefni sem og veita bornunum fróðleik af morgum toga.

Frjáls leikur

Leikur er nám. Frjáls og sjálfsprottinn leikur er hið eðlilega tjáningarform barna. Í gegnum leikinn oðlast bornin fjölbáttu reynslu, þau skynja nýjar tilfinningar, nýjar upplifanir, efla samskipti sín á milli og oðlast færni til að ráða fram úr sínum ágreiningsefnum. Leikurinn býður upp á tækifæri til að efla alhliða þroska barnanna s.s. málþroska, félagsþroska, siðgæðisþroska og hreyfiþroska.

Samstarf skólanna

Gott samstarf er á milli leikskólans Yls og Reykjahlíðarskóla. Allir nemendur fá að fara í íþróttatíma hjá íþróttakennara einu sinni í viku, klukkutíma í senn. Nemendur á elstu deildinni fara einu sinni í viku í listasmiðju inn í grunnskóla. Skólahópur tekur þátt í morgum verkefnum með yngsta stigi grunnskólans. Má þá nefna ÍSÍ hlaupið, danskennslu, frjásar íþróttir, sundkennslu og samverustund einu sinni í viku. Að vori fer skólahópur einu sinni í viku í kennslustund með yngsta stigi grunnskólans.

Útikennsla

Útinám er einfaldlega það nám sem fer fram úti, t.d. í útistofu eða í nánasta umhverfi skólans. Útikennsla gefur tækifæri til að nýta oll skynfæri með því að tengja viðfangsefni ýmsum þáttum námssviða og námsgreina samhliða hreyfipjálfun. Þannig er útikennsla góð viðbót við skipulega kennslu skólaíþróttar ásamt því að vera samþætting við onnur námssvið. Fjölbreytt hreyfinám á sér stað við útiveru. Útikennsla er einu sinni á viku hjá 3 – 6 ára nemendum.

Útivera

Útivera er holl ollum heilbrigðum börnum. Útivera er mikilvægur þáttur í uppeldisstarfi leikskólans, þar sem bornin fá frjásan leik og þjálfar grófhreyfingar og skopun. Íslensk veðráttar er oft mjög breytileg og þess vegna er ollum börnum (sem búa á Íslandi) hollt að venjast veðráttunni eins og hún er og því mikilvægt að klæða sig eftir því.

Hreyfing og næring

Logð er áhersla á að stuðla að andlegri og líkamlegri vellíðan barna. Líðan, heilsa og heilbrigði barna hefur áhrif á getu þeirra til að læra og þroskast á jákvæðan hátt. Heilbrigði nær yfir líkamlega, andlega og félagslega vellíðan. Einu sinni í viku fara born beggja deilda í íþróttahús og eldri hópur, 3-6 ára í vettvangsferð um nánasta umhverfi þegar veður leyfir. Öll born fara svo í útiveru einu sinni til tvisvar á dag.

Hefðir Yls

Í gegnum árin hafa skapast ýmsar hefðir hér í leikskólanum Yl.

Afmæli

Haldið er upp á afmæli nemenda í leikskólanum. Nemendur fá skreytta kórónu og afmælissongurinn er sunginn. Búin er til ís sem nemendur bjóða upp á eftir ávaxtastund.

Bolludagur

Fyrir bolludag eru útbúnir bolluvendur. Bollur eru borðaðar í hádegi bæði fiski- eða kjotbollur svo og rjómobollur í nónhressingu.

Sprengidagur

Á sprengidag er ætíð saltkjöt og baunir í matinn.

Öskudagur

Á öskudag klæðum við okkur upp í hina ýmsu búninga og málum andlit eftir því sem tilefni er til. Farið er í gonguferð og fyrirtæki á svæðinu heimsótt, sungið fyrir starfsfólk þeirra og verðlaunum er laumað í poka í staðinn. Síðan er "kotturinn sleginn úr tunnunni" í samvinnu við grunnskólanema uppi í íþróttahúsi. Foreldrum er boðið að taka þátt í öskudegi eins og þeir vilja.

Jólastund

Hefð er fyrir því að eiga saman góða stund skommu fyrir jólafrí. Á litlu jolum mæta allir í betri fotunum, dansað er í kringum jólatré og sungið. Við fáum heimsókn af jólasveini/-sveinum sem færa nemendum jólagjöf. Hlustað er á jólasögu og jólapokkum sem bornin ætla að færa foreldrum sínum er útdeilt. Það skapast alltaf hátíðleg stemning.

Vorhátíð

Á hverju vori er haldin vorhátíð í leikskólanum Yl. Þá er foreldrum/forráðamonnum boðið að koma og sjá listaverk barnanna, fara með þeim í leiki, hlusta á song og ýmislegt fleira er gert sér til skemmtunar. Venja hefur skapast að hafa útskrift fyrir elstu bornin á þessari hátíð.

Foreldrasamstarf

Mikilvægt er að gott samstarf takist við upphaf skólagöngu milli foreldra barnsins og kennara leikskólans þar sem gagnkvæm samvinna og trúnaður þeirra á milli er forsenda þess að barninu líði vel í leikskólanum.

Daglegar upplýsingar um barnið heima eða í leikskólanum eru nauðsynlegar því oft veldur lítið atvik, hvort sem er í leikskólanum eða heima, því að hegðun barnsins er ekki som og áður.

Foreldrar geta hvenær sem er hringt í leikskólann til þess að spyrjast fyrir um líðan barnsins. Einnig mun starfsfólk leikskólans hringja ef eitthvað sérstakt kemur upp.

Ávallt skal látið vita um komu barns í leikskóla og brottför þess. Foreldrar eru beðnir að láta vita ef einhver ókunnugur sækir eða kemur með barnið í leikskólann, en viðkomandi þarf að vera a.m.k. 12 ára.

Foreldraviðtöl

Allir foreldrar eru boðaðir í foreldraviðtal einu sinni á ári og eru þau í nóvember. Í viðtolunum er farið yfir líðan og þroska barnsins og farið yfir Tras- og Mio- skráningar. Að auki geta foreldrar og kennarar ávallt óskað eftir viðtali ef þeir telja þorf á.

Fréttir til foreldra

Miðlun upplýsinga til foreldra fer fram með daglegum samskiptum, tölvupósti einu sinni í viku og á Facebook síðu leikskólans. Einnig koma inn upplýsingar inn á heimasíðu leikskólans <https://www.reykjahlidarskoli.is/leikskoli>.

Hagnýtar upplýsingar

Veikindi

Leikskólar eru ætlaðir heilbrigðum börnum. Veikist barnið skal það dvelja heima þar til það hefur verið hitalaust í 1-2 sólarhringa. Þegar barnið kemur aftur í leikskólann eftir veikindi á það að vera tilbúið til að taka þátt í öllu starfi leikskólans jafnt úti sem inni. Sjálfsgætt er að barnið fari síðast út og komi fyrst inn, þannig að útiveran er mjög stutt, fyrstu dagana eftir veikindi. Vinsamlegast látið vita fyrir kl. 9:30 ef barn dvelur heima vegna veikinda eða frítöku.

Ekki er æskilegt að foreldrar komi með lyf fyrir bornin í leikskólann. En ef born þurfa nauðsynlega lyfjagjöf vegna veikinda hefur starfsfólk deilda séð um að gefa bornunum þau í samræmi við þarfir.

Klæðnaður

Útbúnaður barnsins þarf alltaf að vera í samræmi við veðurfar. Nauðsynlegt er að barnið hafi meðferðis aukafot og þann hlífðarfatnað til útiveru sem það hugsanlega þarf að nota hverju sinni. Mjög mikilvægt er að oll fot og skór barnanna séu vel merkt. Korfu og snaga barna þarf að tæma á fostudogum, auka innifot í kassa mega vera. Foreldrar eru vinsamlega beðnir að ganga vel frá fatnaði ofan í korfur og á snaga í lok dags ef hann er geymdur í leikskólanum yfir vikuna.

Óhöpp og slys/tryggingar

Í barnahópi geta alltaf orðið óhöpp eða slys. Ef slíkt kemur fyrir hofum við strax samband við foreldra og ef barnið þarf að fara á heilsugæslu er ætlast til að foreldrar fari með það, en ef þeir komast alls ekki fer kennari leikskólans með barnið. Starfsmenn skrá atvikaskráningu á heimasíðu Þingeyjarsveitar, ef slys verður á vistunartíma barns.

Breytingar/fjarvistir

Nauðsynlegt er að tilkynna breytingar á hogum og aðstæðum barnsins s.s. veikindi, fjarveru foreldra, nýtt heimilisfang eða símanúmer og breytta hjúskaparstöðu.

Hægt er að segja upp fæði fyrir viku eða meira fyrir fram ekki eftir á.

Ef barn er veikt samfelld í 4 vikur eða lengur er dvalargjald og fæðiskostnaður felld niður gegn framvísun læknisvottorðs.

Sumarlokun leikskólans er 5 vikur, lokað er í dymbilvikunni og milli jóla og nýárs.

Uppsagnarfrestur á leikskólaplássi og breytingar á vistunartíma er einn mánuður og miðast við 1. eða 15. hvers mánaðar. Skal uppsagn og umsókn um breytingar komið til leikskólastjóra á þar til gerðum eyðubloðum. Eyðubloðin má nálgast á heimasíðu leikskólans.

Ef barn er sótt eftir að umsoðum vistunartíma líkur ber foreldrum að greiða sektargjald.

Skipulagsdagar

Sex skipulagsdagar eru á skóladagatali og er leikskólinn því ekki opinn þá daga.

Fundartímar eru sameiginlegir hjá öllum skólum í Þingeyjarsveit, fyrsta miðvikudag í mánuði og byrjar fundartími kl. 15:00. Þarf því að sækja nemendur fyrir þá daga.

Skráningardagar

Fimm skráningardagar eru á skóladagatali. Foreldrar skila í byrjun skólaárs hvort barn mæti á þá. Þeir sem skrá börn sín ekki á þessa daga fá niðurfelld leikskólagjöld fyrir desembermánuð. Ath. Þetta á bara við ef barn mætir ekki á neina af skráningardogunum. Ekki er hægt að breyta skráningu á þessa daga eftir 1. september.

Lokaorð

Kæru foreldrar og forráðamenn,

Að loknum lestri þessa handbókar vakna eflaust margar spurningar um starfsemi

leikskólans. Þar sem svona handbók getur aldrei orðið tæmandi hvetjum við ykkur til að

spyrja og ræða við okkur um óljós atriði.

Með kærri kveðju og ósk um gott samstarf.

Starfsfólk Yls

